

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Vestmannaeyja 2002-2014, blönduð landnotkun við Strandveg, Skildingaveg og Norðursund.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 15. október 2013 breytingu á aðalskipulagi Vestmannaeyja 2002-2014, sem samþykkt var í sveitarstjórn Vestmannaeyjabæjar þann 20. september 2013.

Breytingin felst í því að landnotkun á hluta athafnasvæðis A-2 og hluta hafnarsvæðis H-1 verði miðbæjarstarfsemi. Svæðin sem breytingin nær til verða auðkennd sem A-4 og H-3.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsstofnun, 15. október 2013.

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.

Guðrún Halla Gunnarsdóttir.